



Dómsmálaráðuneytið
Skúlagöta 4
101 Reykjavík
Skrifstofa alþjóðamála
dmr@dmr.is

Reykjavík 5. nóvember 2025

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi um breytingu á lögum um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi útlendinga (útgáfa dvalar- og atvinnuleyfa), mál nr. S-220/2025

Samtök iðnaðarins (hér eftir „samtökin“ eða „SI“) hafa tekið til umsagnar drög að frumvarpi um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016 og lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, (útgáfa dvalar- og atvinnuleyfa) en með frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar sem miða að því að einfalda afgreiðslu umsókna um tímabundin atvinnu- og dvalarleyfi, auka gagnsæi í ferlinu og auðvelda samskipti fyrir umsækjendur. Samtökin fagna þessum fyrirætlunum, sérstaklega þegar kemur að erlendum sérfræðingum en samtökin hafa um langt skeið lagt áherslu á að ferlið sé einfalt, skilvirkt og fyrirsjáanlegt.

I. Aðgengi að erlendum sérfræðingum og samkeppnishæfni atvinnulífs

Á undanförunum árum hefur hugverkaiðnaður eflst verulega og fest sig í sessi sem ein af fjórum útflutningsstoðum landsins. Útflutningstekjur greinarinnar námu 309 milljörðum króna árið 2024 en tæplega 18.500 manns starfa í greininni.¹ Mannauður er helsta auðlind hugverkaiðnaðar og eftirspurn hér á landi eftir sérfræðipekkingu er langt umfram innlent framboð. Greining samtakanna frá síðasta ári leiddi í ljósi að fyrirtæki í tækni- og hugverkaiðnaði gera ráð fyrir því að þurfa að fjölga starfsfólki um 77% eigi vaxtaáætlanir fyrirtækjanna að ná fram að ganga. Hörð samkeppni er um hæft starfsfólk með sérfræðipekkingu í hinum ýmsu greinum hugverkaiðnaðar um heim allan.² Því skiptir sköpum að umsóknarferli sé skilvirkt og fyrirsjáanlegt en hér á landi hefur sú staða komið upp að fyrirtæki og starfsfólk sem það hyggst ráða bíður í von og óvon í marga mánuði um hvort dvalar- og atvinnuleyfi verði samþykkt. Reglur sem takmarka aðgengi að sérfræðingum eða skapa óvissu veikja stöðu Íslands sem ákjósanlegs áfangastaðar til búsetu og starfa.³

II. Umsóknarferli og einstakir þættir frumvarpsins

Samtökin fagna ákvæðum frumvarpsins um einföldun ferla og samþættingu dvalar- og atvinnuleyfa undir Útlendingastofnun. Samræmd stjórnsýsla getur stytt afgreiðslutíma, minnkað óvissu og aukið skilvirkni. Hins vegar er nauðsynlegt að tryggt sé að stofnunin búi yfir nægu fjármagni, tæknibúnaði og starfsfólki til að mæta auknu verkefnaálagi. Mikilvægt er að skilgreina þjónustuviðmið og afgreiðslutíma og að gera ráð fyrir sérstakri og hraðari afgreiðslu

¹ [Hugverkaidnadur Stadreyndir.pdf](#)

² [Greining-SI Vaenta-77-fjolgunar-starfsfolks-i-tækni-og-hugverkaidnadi-a-naestu-fimm-arum-02-02-2024.pdf](#)

³ [Hugverkaidnadur Stadreyndir.pdf](#)



umsókna sem varða lykilstarfsmenn og erlenda sérfræðinga. Í þessu samhengi vekja samtökin athygli á því að þrátt fyrir að í lögum um útlendinga sé gert ráð fyrir því að umsækjendur geti óskað eftir flýtimeðferð gegn greiðslu, sbr. 53. gr. laga nr. 80/2016, hefur slík flýtimeðferð í framkvæmd haft lítil áhrif.

Samtökin styðja eindregið þær breytingar sem lagðar eru til í 2. gr. frumvarpsins en þær miða allar að því að einfalda ferlið og stytta biðtíma umsókna. Sem fyrr segir leiða greiningar SI í ljós að mikill skortur er á hæfu starfsfólki til starfa í hugverkaiðnaði. Því er ljóst að óþarft er að nýta takmörkuð úrræði og tíma Vinnumálastofnunar, sem ætti að hafa góða yfirsýn yfir mannaflapörf á landinu, og flækja störf stjórnenda nýsköpunarfyrirtækja til þess að sýna fram á fyrrnefnda þörf. Því styðja samtökin eindregið að Vinnumálastofnun fái heimild til þess að sleppa bersýnilega óþarfri leit. Samtökin styðja einnig þá tillögu í greininni að ekki sé fortakslaus skylda á að óska eftir umsögn stéttarfélags heldur heimild. Í tilviki hugverkaiðnaðar eru réttindi og kjör með því besta sem gerist á vinnumarkaði og því eðlilegt að kveðið sé á um heimild en ekki skyldu.

Þá eru afar jákvæðar breytingar fyrirhugaðar hvað varðar atvinnuþátttöku erlendra námsmanna, sbr. 3. gr. frumvarpsins, þar sem stendur til að heimila erlendum nemum að starfa á Íslandi á meðan á náminu stendur. Til þess að fá starf að loknu námi er mikilvægt að hafa reynslu af íslenskum vinnumarkaði. Samtökin styðja að námsmenn fái heimild til þess að starfa og kynnst íslenskum fyrirtækjum á meðan á námi sínu stendur. Þetta eykur jafnframt möguleika fyrirtækja í hugverkaiðnaði á að finna hæft starfsfólk í hópi nemenda og ætti þjóðerni nema ekki að útiloka hann frá mögulegri atvinnuþátttöku.

III. Rafræn umsóknargátt og fagleg málsmeðferð

Samtökin telja brýnt að samhliða þessum lagabreytingum verði þróun rafrænnar umsóknargáttar sett í forgang. Gátt þar sem umsækjendur geta sótt um leyfi, skilað gögnum og fylgst með stöðu mála á einum stað myndi auka gagnsæi, stytta málsmeðferð og bæta þjónustu. Þá þarf að tryggja að stofnanakerfi styðji gagnamiðlun þannig að sömu upplýsingar þurfi ekki að leggja fram ítrekað.

Samtökin leggja áherslu á að kerfi fyrir útgáfu dvalarleyfa á grundvelli sérfræðiþekkingar sé skilvirkt, gagnsætt og tryggi atvinnulífínu aðgang að þeirri sérhæfðu þekkingu og hæfni sem ekki er fyrir hendi á innlendum vinnumarkaði. Þetta er lykilatriði fyrir samkeppnishæfni Íslands og þróun nýsköpunar og hátæknigreina.

Jafnframt telja samtökin brýnt að tryggt verði að kerfið sé ekki misnotað og að vandað sé til málsmeðferðar. Mikil fjölgun dvalarleyfa á grundvelli sérfræðiþekkingar á undanförunum árum hefur sýnt að mat á framlögðum gögnum þarf að vera faglegra og áreiðanlegt. Slíkt er mikilvægt til að vernda bæði umsækjendur og atvinnulífið og til að tryggja að einstaklingar starfi innan þess ramma og réttinda sem íslensk lög og reglur kveða á um. Í því samhengi má einnig nefna mikilvægi þess að komið sé í veg fyrir að einstaklingar taki að sér störf í löggiltum iðngreinum án viðeigandi réttinda eða menntunar. Samtökin telja mikilvægt að tryggja áreiðanlega sannprófing gagna, skýra ábyrgð stjórnvalda og virkt samráð við atvinnulífið þegar upp koma vafamál.



IV. Lokaorð

Samtökin fagna því að stjórnvöld hyggist einfalda leyfisferla og verklag í kringum útgáfu atvinnu- og dvalarleyfa fyrir erlenda sérfræðinga. Tillögur frumvarpsins eru mikilvæg og stór skref í þá átt og brýnt er að þær nái fram að ganga. Skýr, stöðug og skilvirk stjórnsýsla í kringum dvalar- og atvinnuleyfi fyrir erlenda sérfræðinga er lykilforsenda áframhaldandi vaxtar í greinum sem byggja á nýsköpun og sækja fram á alþjóðlegum mörkuðum.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka iðnaðarins

A handwritten signature in dark ink, reading 'Nanna Elísa Jakobsdóttir'.

Nanna Elísa Jakobsdóttir,
Viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði

A handwritten signature in dark ink, reading 'Hulda Birna Baldursdóttir'.

Hulda Birna Baldursdóttir,
Verkefnastjóri í mennta- og
mannauðsmálum